



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI MINNIST UPPHAFS HEIMSSTYRJALDARINNAR SÍÐARI**

Á morgun, laugardaginn 31. ágúst, heldur forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ásamt frú Elizu Reid til Póllands. Þar taka þau ásamt fleiri þjóðhöfðingjum og fulltrúum ríkja þátt í athöfn til að minnast innrásar Þjóðverja í Pólland en sá atburður markaði upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari árið 1939.

Minningarathöfn fer fram á Pilsudskitorgi sunnudaginn 1. september. Um kvöldið sitja forsetahjónin kvöldverð í boði Andrzej Duda, forseta Póllands.

Forseti Íslands mun birta sérstakt ávarp í tilefni þessara tímamóta á vef embættisins, forseti.is, sunnudaginn 1. september.

*30. ágúst 2019*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (s. 820 4946).*